

Erindi vegna undanþágu fyrir löndun mótframlags byggðakvóta á Patreskfirði

Til : Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>
Frá : Ánanaust <ananaust@gmail.com>
Heiti : Erindi vegna undanþágu fyrir löndun mótframlags byggðakvóta á Patreskfirði
Málsnúmer : 2607001
Málsaðili : Ánanaust slf.
Höfundur : Ánanaust <ananaust@gmail.com>
Dagsetning : 30.6.2026 20:31:30

Fiskistofa og Bæjarstjórn Vesturbyggðar

Á þessu ári fengu 8 smábátar á Patreskfirði úthlutaðar velvildarheimildir vegna byggðakvóta, samtals um 70 þorskígildis tonn. Með þeirri úthlutun fylgir mótframlagsskylda sem kveður á um löndun mótframlagsaflans hjá viðurkenndri vinnslu í bæjarfélaginu.

Eins og staðan er í dag er eina vinnslan í bæjarfélaginu sem gæti tekið á móti mótframlaginu farin í sumarfrí og getur því ekki tekið á móti slíkum afla á þessum tíma. Þar af leiðandi er í dag engin vinnsla í bæjarfélaginu sem uppfyllir skilyrðin til að taka á móti mótframlaginu.

Undirritaður fer því fram á undanþágu til að heimilt verði að landa mótframlaginu á fiskmarkað FMS á Patreskfirði.

Til rökstuðnings þessari beiðni vil ég benda á eftirfarandi:

Fiskmarkaðuri FMS á Patreskfirði er virkur og mikilvægur atvinnustaður í bæjarfélaginu með 10 starfsmenn sem sinna daglegri starfsemi og heldur úti starfsemi allt árið um kring. Markaðurinn hefur nýverið fjárfest í nýjum flokkara sem gerir honum kleift að taka á móti og meðhöndla afla með faglegum hætti. Þar að auki hýsir fiskmarkaðurinn hafnarvogina og hafnarvörðinn, sem eru grundvallar innviðir við löndun og skráningu afla. Fiskmarkaðurinn er því með öllu jafn mikilvægur atvinnustaður og önnur fyrirtæki í bæjarfélaginu og uppfyllir að mínu mati skilyrði til að teljast löndunarstoð í skilningi reglna um mótframlag byggðakvóta. Þar að auki er strandveiðistímabilið stutt og styttest í að það líði undir lok. Veiðin hefur gengið vel og er mikilvægt að smábátarnir geti nýtt sér þetta tækifæri og landað aflanum áður en tímabilið klárast.

Ég óska eftir að Fiskistofa og bæjarstjórn taki þessu erindi til afgreiðslu með hraði, með hliðsjón af því hve skammt er eftir af strandveiðitímabilinu.

Patreskfjörður, [29/06/2026]

Grímur Barði Grétarsson á ÁN BA 77 fyrir hönd okkar allra.